

Nd. **118. Frumvarp til laga** [96. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Grýtubakkahrepps, og er ástæðan sú, að á jörðinni Grenivík hefur byggzt upp sjávarþorp, sem nú fer vaxandi, enda hefur þar nú nýlega verið gerð höfn og byggzt frystihús, en nokkur útgerð hefur lengi verið á þessum stað, þótt hafnarskilyrði hafi lengst af verið slæm, en þar hefur nú verið ráðin veruleg bót á.

Eyðijörðin Svæði, sem er landlítill, liggur að Grenivík. Þar var byggzt á leigulandi nýbýlið Höfðabrekka (20 dagsl.) og nokkrar lóðir leigðar. Ekki er talið líklegt, að hlutaðeigandi leigjendur muni hafa neitt á móti þeim eigendaskipum, sem hér er gert ráð fyrir.

Frv. er flutt í samráði við þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra í efri deild.